



## Skýrsla um samráð

### Efni samráðs

Drög að reglugerð um málsmeðferð við setningu skipulagsreglna fyrir flugvelli.

### Samráð hófst

17. maí 2023

### Samráði lauk

31. maí 2023

### Fjöldi umsagna

6

### Umsagnaraðilar

Félag íslenskra atvinnuflugmanna, Fjarðarbyggð, Isavia ohf., Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök ferðaþjónustunnar.

### Samantekt um umsagnir og viðbrögð

Áður en samráð í samráðsgátt fór fram var Samband íslenskra sveitarfélaga gefið færi á að koma að mótun reglugerðarinnar, sbr. 6. mgr. 147. gr. laga um loftferðir nr. 80/2022 (lofl).

Þau atriði sem bent var á í umsögnum sem bárust í samráðsgátt vörðuð helst fjögur atriði, þ.e. efni skipulagsreglna, starfshóp, umsagnarferli og aðkomu ráðherra. Hér að neðan er gerð grein fyrir athugasemdunum með hliðsjón af þessum atriðum.

**Efni skipulagsreglna:** Í nokkrum umsögnum komu fram ábendingar um sjónarmið sem skipulagsreglur flugvalla skyldu taka mið af. Þannig bentu Samtök ferðaþjónustunnar á að flugöryggi skyldi vera frumforsenda skipulagsreglna flugvalla, auk þess sem Isavia ohf. benti á að í reglugerðinni mætti koma betur fram til hvaða reglna skyldi taka tillit til við gerð reglnanna. Félag íslenskra atvinnuflugmanna lagði svo áherslu á að skipulagsreglur flugvalla tækju mið af flugrekstraröryggisþáttum og þá lagði sveitarfélagið Fjarðarbyggð áherslu á að tekið yrði tillit til aðgengis að innviðum við setningu skipulagsreglna sem þessara.

Hvergi í lofl. er kveðið á um að í skipulagsreglum flugvalla skuli tekið mið af flugöryggisþáttum eða aðgengi að innviðum. Vegna þessa var því ekki talið mögulegt að kveða á um þessi atriði í reglugerðinni. Á hinn bóginn var fallist á að taka mætti sérstaklega fram að skipulagsreglurnar skyldu taka mið af lögum og alþjóðlegum skuldbindingum og því gerðar breytingar á drögum þar að lútandi. Ekki var hins vegar gerð breyting til að kveða sérstaklega á um flugöryggi sem frumforsendu skipulagsreglnanna enda markmið

starfshópsins að móta tillögu sem tryggir „[...] flugöryggi með fullnægjandi hætti með sem minnstum takmörkunum á skipulag þeirra svæða í kringum flugvöllinn [...]“, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 147. gr. lofl.

**Starfshópur:** Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og Fjarðarbyggð fjölluðu um mikilvægi þess að í starfshópnum sætu fulltrúar sveitarfélaga og var m.a. lögð áherslu á að fulltrúar þeirra í hópnum yrðu fleiri en drögin miðuðu við. Þá lögðu Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga sömuleiðis til að atkvæði formanns myndi ekki ráða úrslitum innan starfshópsins.

Í umsögn Félags íslenskra atvinnuflugmanna var að finna athugasemd um að ekki væru gerðar kröfur um að í hópnum sætu flugmaður eða veðurfræðingur, auk þess sem Isavia ohf. benti á að eðlilegt væri að í hópnum væru fleiri en einn fulltrúi rekstraraðila flugvalla. Einnig kom Isavia ohf. því á framfæri að heppilegt geti verið að sömu fulltrúar sætu í starfshóp um endurskoðun skipulagsreglna millilandaflugvalla, að undanskildum fulltrúum sveitarfélaga.

Ekki var talin ástæða til að gera breytingar á þeim tillögum sem drögin gerðu ráð fyrir um samsetningu starfshópsins. Var þá m.a. horft til þess að jafnvægi væri með ólíkum fulltrúum, að aðilum væri ekki sniðinn of þröngur stakkur við tilnefningu fulltrúa sinna og skilvirknissjónarmiða. Með hliðsjón af sjónarmiðum um minnihlutavernd var hins vegar fallið frá því að atkvæði formanns gæti ráðið úrslitum.

**Umsagnarferli:** Í umsögn Félags íslenskra atvinnuflugmanna var sérstaklega vikið að því hverjir gætu talist eiga hlut að máli. Skal því tekið fram að í drögum var ekki um tæmandi talningu að ræða. Til að auka skýrleika var hins vegar ákveðið að falla frá upptalningunni. Þá skal tekið fram að með birtingu tillögunnar í samráðsgátt stjórnvalda mun öllum gefast kostur á að koma á framfæri athugasemdum við tillöguna.

Félag íslenskra atvinnuflugmanna benti jafnframt á að birting tillögu í Lögbirtingablaði væri ekki aðgengileg öllum. Er því vakin athygli á að einnig er gert ráð fyrir að tillögur birtist í samráðsgátt stjórnvalda, og með birtingu á þessum tveimur stöðum leitast við að uppfylla þá skyldu að birta tillögu með áberandi hætti, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 147. gr. lofl.

**Aðkoma ráðherra:** Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga gerðu í umsögnum sínum athugasemd við að tillaga minnihluta skyldi ekki lögð formlega fyrir ráðherra, auk þess sem honum væri ekki skylt að eiga opið samráð um breytingar á tillögu. Þá kom fram athugasemd um að ekki væri fjallað með skýrari hætti um hvernig starfshópur fjallaði um breytingar ráðherra.

Gerðar voru breytingar með hliðsjón af þessu svo tryggja mætti betri vernd fyrir minnihluta starfshóps. Í stað þess að tillaga minnihluta skyldi einungis lögð fram til upplýsinga var þannig miðað við að tillagan yrði lögð til við ráðherra eins og aðrar tillögur en þess í stað sett það skilyrði að ráðherra ætti opið samráð um tillögu minnihluta hygðist hann samþykkja hana óbreytta. Í ljósi athugasemdanna var einnig ákveðið að kveða fastar að orði um opið samráð ráðherra um breytingar á tillögu, þ.e. að slíkt samráð væri honum skylt gerði hann efnislegar breytingar á tillögu. Ekki var hins vegar talin ástæða til að ákveða sérstaklega hvernig samráði við starfshóp skyldi háttað um breytta tillögu enda sveigjanleiki talinn mikilvægur hvað það varðar.

### Að loknu samráði

Með hliðsjón af framangreindu voru gerðar breytingar á drögunum, auk þess sem þau tóku málfarsbreytingum o.þ.h. Að uppfærslu lokinni var reglugerð um málsmeðferð við setningu skipulagsreglna fyrir flugvelli staðfest af ráðherra og birt í Stjórnartíðindum.